

# Stofnfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Stofnfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, haldinn 26. september 2012 á Hótel Nordica í Reykjavík, kl.20:00.

Dagskrá:

1. Fundarsetning, tilurð samtakanna og tilgangur.
2. Samþykktir kynntar og bornar upp.
3. Ákvörðun um árgjald sbr. áður útsenda tillögu.
4. Ákvörðun um þóknum stjórnar.
5. Kosningar skv. e. lið 7. gr. (formaður, fjórir að auki í aðalstjórn og þrír í varastjórn).
6. Kosning skv. f. lið 7. gr. ( tveir skoðunarmenn og tveir til vara).
7. Tillaga um fyrstu skref og verkefni stjórnar.

## 1. Fundarsetning, tilurð samtakanna og tilgangur.

Svanfríður Jónasdóttir setur fundinn og fer stuttlega yfir tilurð samtakanna, tilgang og fjölda sveitarfélaga sem staðfest hafa þátttöku á fundinum. Stefnt er að því að ná saman þeim sveitarfélögum sem hafa ríkra beinna hagsmuna að gæta í sjávarútvegi. Markmiðið er m.a. að sveitarfélögin standi saman og auki öryggi íbúa í sjávarbyggðum, og að tryggja hlutdeild í veiðigjaldinu.

Ljóst er að umhleyplingar munu fylgja meðan útgerðir aðlagast breyttum aðstæðum sem getur leitt til byggðaröskunar. Mikilvægt er að við breytingar á lögum og reglum um sjávarútveginn sé horft til þess að treysta starfsumhverfi þess fólks sem starfar í greininni. Sveitarfélögin hafa óbætt þurft að takast á við breytingar í sjávarútvegi, svo sem fækkun fólks sem hafa beina atvinnu af veiðum og vinnslu í kjölfar tækninýjunga. Hefur slík þróun leitt til byggðaröskunar.

Árið 2000 voru 12.800 störf í sjávarútvegi en 2008 voru það 7.900 störf. Er það fækkun um tæp 5.000 störf á 8 árum. Tæknibreytingar og kvótasamdráttur verður til þess að fækkun starfa á sér stað og fátt kemur í staðinn. Mikilvægt er að samhliða fækkun starfa í sjávarútvegi þá myndist kostur fyrir þann hóp í öðrum störfum. Ný störf hafa orðið til í þekkingarstörfum og eftirliti í sjávarútvegi. En þessi störf hafa ekki orðið til á þeim svæðum er störf töpuðust.

Með nýjum lögum um sérstakt veiðigjald er enn hert á kröfum um hagræðingu í greininni. Til þess að sveitarfélögin geti brugðist við þeim breytingum, svo sem fækkun starfa, er nauðsynlegt að þau fái hlutdeild í sérstaka veiðigjaldinu til að vinna að atvinnuþróun og nýsköpun. Það þarf líka að finna út með hvaða hætti er hægt að dreifa þeim ríkisstörfum sem þjóna sjávarútvegi betur. Vonandi munu Samtök sjávarútvegssveitarfélaga vera kraftmikill rödd í þágu sjávarútvegssveitarfélaga.

Fundarstjóri var kosinn Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri á Skagaströnd. Fundarritari var kosinn Bryndís Gunnlaugsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Grindavík.

## 2. Samþykktir kynntar og bornar upp.

Svanfríður fer yfir drög að samþykktum sem send voru út fyrir fundinn.

Ólafur Örn Ólafsson frá Ölfusi vekur athygli á 2. gr. samþykktu og bendir á að hugsanlega sé 2. gr. of matskennd varðandi það hvaða sveitarfélög geti fengið aðild að samtökunum. Að auki vill hann benda á 3. gr. og hvaða hagsmunir sameinar sveitarfélögin, að ef til vill séu hagsmunir sveitarfélaganna ekki alltaf sameiginlegir.

Sigrún Árnadóttir úr Sandgerði leggur til að tilgangur samtakanna sé einnig að styðja við framþróun, nýsköpun og atvinnuþróun í greininni. Einnig er bent á að aðalfundur ætti að móta stefnu samtakanna en ekki eingöngu stjórnin og því væri gott að bæta við samþykktirnar ákvæði þess efnis.

Ómar Már Jónsson frá Súðavík fer yfir aðstæður á sínu svæði þar sem kvótinn hefur minnkað gífurlega síðustu árin og tekur því undir með Ólafi Erni að hugsanlega sé 2. gr. of þröng og að það

gæti verið gott að hafa þetta opið fyrir þá sem telja sig hafa hagsmuna að gæta, þótt þau séu ef til vill ekki með mikinn sjávarútveg í dag. T.d. er mestum kvóta úthlutað til Reykjavíkur þótt hagsmunir þeirra af sjávarútvegi sé ólík öðrum sveitarfélögum með mikinn kvóta.

Vilhjálmur Jónsson frá Seyðisfirði spyr hvort verið sé að verja óbreytt ástand, eða eitthvað sem hugsanlega gæti hægt á framþróun. Hvetur einnig til þess að stofnaðilaskránni sé haldið opinni í einhvern tíma eftir stofnfund.

Stefán Vagn Stefánsson úr Skagafirði tekur undir athugasemdir varðandi 2. gr. og að eingöngu eigi að hafa 2. gr. þannig að allir sem telji sig hafa hagsmuni að greininni geti verið með.

Jón Þórðarson frá Borgarfirði eystra bendir á að okkur hættir oft til að horft er til skammtíma hagsmuna í staðinn fyrir langtímahagsmuni og varar við því að þessi samtök verði þannig samtök. Hann tekur undir orð Sigrúnar um mikilvægi þróunar og að ekki sé verið að nýta hráefnið eins og hægt er.

Daníel Jakobsson frá Ísafjarðarbæ fagnar þessu frumkvæði að þessi samtök séu stofnuð en hefur áhyggjur af því að stóru sveitarfélögin sem hafa hagsmuni af því að ekkert muni breytast reyni að fá þau minni með til að tryggja óbreytt ástand.

Kristinn Jónasson frá Snæfellsbær svarar fyrir hönd undirbúningshópsins og fagnar góðri mætingu á fundinn. Varðandi athugasemdir um Reykjavík þá vill hann taka fram að hópurinn taldi hagsmuni Reykjavíkur af sjávarútvegi vera lítinn samanborðið við minni sveitarfélög, sérstaklega þegar horft er til atvinnu á svæðinu. Samtökin snúast ekki um hvar kvóti er á landinu, enda eiga sveitarfélögin ekki saman að því leyti. En samtökin eiga að taka þátt í þeirri vinnu þegar starfsumhverfi sjávarútvegsins er breytt, tryggja að hagsmuni sjávarútvegsveitarfélaga heyrist. Samtökin eru ekki til að berjast gegn framþróun. Varðandi það hvort þetta ætti að vera opið fyrir alla, þá var lagt upp með það að hafa samband við þau sveitarfélög sem augljóslega hafa mikilla hagsmuna að gæta, en það er líka hægt að óska eftir inngöngu og taka það sérstaklega fyrir líkt og kemur fram í 2. gr. Einnig tekur hann fram að samtökin eiga meðal annars að snúast um það að veiðigjaldið skilið sér til sjávarútvegsveitarfélaga til að vega upp á móti byggðaröskun og fækkun starfa.

Ólafur Örn Ólafsson leggur til að 2. gr. sé breytt svo fleiri sveitarfélög geti verið aðilar ásamt breytingu á 3. gr.

Ómar Örn vill ítreka að hann gerir ekki ráð fyrir því að samtökin fari að hafa áhrif á kvótaúthlutun heldur standi vörð um sameiginlega hagsmuni okkar.

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð hefur áhyggjur af umræðunni um íslenskan sjávarútveg því hún gerist í fyrirsögnum og upphrópunum, og ímynd sjávarútvegs er ekki góð. Telur að nauðsynlegt sé að samtökin hafi áhrif á umræðuna og leggur því til að í 3. gr. verði bætt við að samtökin stuðli að því að það fari fram upplýsandi umræða um sjávarútveg á Íslandi.

Elliði Vignirsson bæjarstjóri í Vestmannaeyjum fer yfir það að tilgangur samtakanna sé ekki að búa til ný átök, né endilega til þess að leysa úr eldri átökum. En samtökin ná samt yfir sameiginlega hagsmuni þótt kvóti og skip eigi eftir að fara milli sveitarfélaga. Sveitarfélögin ná aldrei fullkomlega saman í öllum málum, en þau vanti samráðsvettvang þar sem þau eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. T.d. þegar rætt er um veiðigjaldið og skiptingu þess milli ríkis og sveitarfélaga. Hér eru aðilar saman komnir óháð flokkum en á Alþingi hafa flokkarnir ekki átt auðvelt með að snúa bökum saman í þessum málaflökki. Tilgangur þessa félag má aldrei vera að álykta sértækt um einstaka hagsmuni heldur er það á ábyrgð hvers og eins sveitarfélags.

Ólafur Örn telur að langstærsta hagsmunamál hvers byggðafélags sem á kvóta er að halda þeim kvóta og helst bæta við. Veiðileyfagjaldið mun leiða til þess að kvótinn mun fara á enn færri hendur, þ.e.a.s. á hendur þeirra sem eiga fjármagn.

Sigurður Valur bæjarstjóri í Fjallabyggð fer yfir það í framhaldi að athugasemd Ólafs Arnars að hann var áður í Sandgerðisbæ og á rúmunum einum vetri breyttist kvótastaðan frá því að vera 11.000 tonn niður í 400 tonn. Og ástæðan fyrir því að hann er að taka þátt í þessari umræðu hér og stuðla að því að setja upp samtök til að taka á þessum málum er vegna þessarar reynslu sinnar. Að gott hefði verið að hafa samtök sem þessi á þeim tíma þar sem hægt hefði verið að ræða um svona mál heilstætt. Því er mikilvægt að styðja við uppbyggingu á þessum samtökum til að takast á við framtíðina.

Elliði leggur til að sveitarfélög geti gerst stofnaðili í tvo mánuði frá stofnfundi. Varðandi athugasemdir Ólafs um kvóta, þá hlýtur stjórnin sem kosin verður að hafa vaðið fyrir neðan sig og passa sig á þessari umræðu, þ.e.a.s. kvótaúthlutun. Stjórnin á að horfa til sameiginlegra hagsmuna, að stuðningur við hinar dreifðu byggðir komi frá ríkinu. Það er ekki eðlilegt að gera sjávarútveginn einan ábyrgan fyrir landsbyggðinni. Hagsmunirnir sem samtökin eiga að reyna að ná utan um eru beinir hagsmunir sveitarfélaga sem byggjast upp á veiðum og vinnslu.

Elías Jónatansson frá Bolungarvík fagnar stofnun þessara samtaka og hefði átt að vera búíð að stofna þau fyrir löngu síðan miðað við hagsmuni sveitarfélaganna í þessum málaflokki. Það vantar sveitarfélagavinkilinn á umræðuna um sjávarútvegsmál. Þegar verið var að skrifa umsagnir um frumvarpið um breytingar á lögnum fyrir stuttu þá vantaði samtök sem þessi.

Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri í Grundarfirði vill taka undir það sem hefur komið fram á þessum fundi og vill gefa þessu tækifæri og telur samtökin lofa góði.

Svanfríður fer yfir þær ábendingar sem hafa komið fram og leggur til breytingartillögu á 2. og 3. gr. ásamt bráðabirgðaákvæði um að hægt er að gerast stofnaðili til loka októbermánaðar 2012.

Í framhaldinu voru miklar umræður um hvort innganga í samtökin ættu að vera mjög opin eða hafa þau í þrengra lagi en hægt væri að óska eftir aðild ef skilyrði fyrir inngöngu væri ekki náð. Ljóst væri að ef greinin væri þröng væru alltaf uppi matskennd atriði.

Fundarstjóri ber upp breytingatillögu við 2. gr. upp og var hún felld.

Fundarstjóri lagði til að aðrar breytingartillögur yrðu bornar upp samhliða samþykktunum í heild sinni. Var það samþykkt.

Fundarstjóri ber síðan upp samþykktirnar í heild sinni og eru þar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum en einhverjir sátu hjá.

### **3. Ákvörðun um árgjald sbr. áður útsend tillaga.**

Kristinn Jónasson kynnir tillögu um árgjald þar sem tekið er mið af íbúafjölda.

Tillagan er samþykkt samhljóða

### **4. Ákvörðun um þóknun stjórnar.**

Lagt er til að formaður fái 40.000 kr. fyrir fund og hver almennur fundarmaður fái 20.000 kr.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

### **5. Kosning stjórnar skv. e. lið 7. gr. (formaður, fjórir að auki í aðalstjórn og þrír í varastjórn).**

Tillaga var lögð fram um að formaður væri Svanfríður Jónasdóttir frá Dalvík, aðrir stjórnarmenn væru:

Róbert Ragnarsson, Grindavík

Páll Björgvin Guðmundsson, Fjarðabyggð

Guðný Sverrisdóttir, Grýtubakkahrepp

Elliði Vignisson, Vestmannaeyjum

Varamenn:

Ásthildur Sturludóttir, Vesturbyggð

Árni Múli Jónasson, Akranesi

Sigrún Árnadóttir, Sandgerði

Samþykkt samhljóða.

### **6. Kosning skoðunarmanna skv. f. lið 7. gr. ( tveir skoðunarmenn og tveir til vara).**

Tillaga kom fram um eftirfarandi skoðunarmenn og varamenn:

Skoðunarmenn:

Gyða Steinsdóttir, Stykkishólmi

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafirði

Til vara:

Sigurður Valur Ásbjarnarson, Fjallabyggð

Hjalti Þór Vignisson, sveitarfélaginu Hornafirði.

Samþykkt samhljóða

## 7. Tillaga um fyrstu skref og verkefni stjórnar.

Tillaga að ályktun lögð fram til umræðu og samþykktar.

Stjórn er falið að semja ályktun í þeim anda er kom fram á fundinum ásamt því að stytta textann.

Svanfríður þakkar fyrir það traust sem henni er sýnt að vera kosin formaður þessara samtaka og taka við þeirri ábyrgð sem fylgir því að taka þátt í umræðunni um sjávarútveg. Við eigum fyrst og fremst að vinna út frá því sem sameinar okkur. Við erum þegar búin að koma á blað ákveðnum atriðum sem við eigum sameiginleg, við munum ekki leysa kvótamálin, en með upplýstri umræðu og með samtali getum við komist mörgu áleiðis. Mjög mikið af þeirri umræðu sem hæst ber, ber keim af því að menn hafa ekki sett sig inn í málin. Með því að við tölum saman aukum við upplýsta og gagnlega umræðu og ef það er það eina sem við áorkum þá er það stórt skref. Vonandi getum við einnig stutt undir betri byggðastefnu en nú er. Með því að fá veiðigjaldið aftur til sveitarfélaga er verið að hvetja sveitarfélögin sjálf til að taka ábyrgð á sinni byggðastefnu. Þessi hagræðingarhrina sem við erum að horfa fram á núna má ekki skilja sjávarútvegssveitarfélögin vopnlaus þar sem samþjöppun mun líklega eiga sér stað í kjölfar þeirra breytinga sem nú hafa átt sér stað. Ég hlakka til samstarfsins með ykkur og þeirra starfa sem bíður stjórn samtakanna.

Samþykkt er að fela formanni samtakanna og fundarritara að ganga frá fundargerð og sækja um skráningu á samtökunum.

Fundi er slitið klukkan 22.15